# Til félagsmanna í Læknafélagi Íslands

*Kópavogi 11. júní 2018.*

**Efni:** Skipulagsbreytingar Læknafélags Íslands.

Eins og áður hefur komið fram voru gerðar breytingar á lögum LÍ á síðasta aðalfundi sem fela í sér talsverðar skipulagsbreytingar hjá félaginu. Í breytingunum felst að læknar eru framvegis félagsmenn í Læknafélagi Íslands (LÍ) og velja síðan aðildarfélag til að tilheyra. Svæðafélögin eru ekki lengur aðildarfélög. Aðildarfélög LÍ eru framvegis fjögur:

- Félag almennra lækna (FAL). Félagsmenn eru aðallega læknar sem ekki hafa lokið sérfræðinámi.
- Félag íslenskra heimilislækna (FÍH). Félagsmenn eru aðallega læknar sem hafa heimilislækningar að aðalstarfi.
- Félag sjúkrahúslækna (FSL). Félagsmenn eru aðallega læknar sem starfa á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum.
- Læknafélag Reykjavíkur (LR). Félagsmenn eru aðallega læknar sem starfa að hluta eða öllu leyti sjálfstætt.

Aðildarfélögin fara með atkvæðisrétt félagsmanna sinna á aðalfundi LÍ og geta félagsmenn falið einu félagi atkvæðisrétt sinn eða skipt því milli tveggja félaga samkvæmt lögum LÍ. Velji læknir að vera í tveimur félögum getur hann falið öðru félaginu að fara með atkvæði sitt á aðalfundi eða skipt atkvæði sínu milli beggja félaganna.

**Fyrir 15. ágúst nk.** þurfa læknar sem vilja breyta því hvaða aðildarfélag fer með atkvæði þeirra eða sem vilja skipta atkvæði sínu milli tveggja aðildarfélaga að tilkynna það til stjórnar LÍ.

Tilkynning um atkvæðisréttinn mun ráða því hversu marga aðalfundarfulltrúa hvert aðildarfélaganna hefur á aðalfundi LÍ 2018 sem haldinn verður 7.-9. nóvember nk. í Hlíðasmára í Kópavogi.

Með félagskveðju,<br>
f.h. stjórnar LÍ,<br>
Reynir Arngrímsson formaður.

---

**Tilkynning** vegna atkvæðisréttar á aðalfundi Læknafélags Íslands

Nafn ______________________________________________________________________

Kt. ___________________________

Netfang: ______________________

fel/ur hér með [*merkja skal við eitt eða tvo félög. Ef merkt er við tvö félög er atkvæðinu skipt milli þeirra tveggja félaga*]:

______ Félagi almennra lækna

______ Félagi íslenskra heimilislækna

______ Félagi sjúkrahúslækna

______ Læknafélagi Reykjavíkur

að fara með aðalfundaratkvæðið á aðalfundi Læknafélags Íslands 2018 og þangað til annað verður tilkynnt.

**Ef engin tilkynning berst verður atkvæðið áfram hjá því félagi sem það var síðast falið.**

Sendist með tölvupósti á netfangið lis@lis.is eða með landpósti á Hlíðasmára 8, 200 Kópavogi
FYRIR 15. ÁGÚST 2018.